

Til Bæjarráðs Garðabæjar

B.t. Áslaugar Huldu Jónsdóttur, formanns Bæjarráðs

| Bæjarskrifst. Garðabæjar |          |
|--------------------------|----------|
| Mótt.dags.               | 29.05.20 |
| Málalykill               | 02.50    |
| Mál nr.                  | 2005452  |


Garðabær, 28.maí 2020

Ágætu fulltrúar Bæjarráðs Garðabæjar!

Þannig er mál með vexti að ég sem eldri borgari í Garðabæ hef undanfarin tólf ár nýtt mér húspref sem hefur reynst mér afskaplega vel. Þjónustan hefur verið til fyrirmyndar og er ég afskaplega þakklátur fyrir það góða fólk sem hefur sinnt þessu af kostgæfni. Því miður virðist vera galli á gjöf Njarðar því skyndilega í mars á þessu ári bárust mér innheimtubréf og það án þess að mér hafi nokkurn tíma borist reikningur. Nú er Bleik brugðið, Garðabær hefur skyndilega gert mig að vanskilamanni, verst af öllu þykir mér að vera gerður að slíkum. Gott er að minna á að fólk á rétt á að skipta um skoðun og biðjast afsökunar, geri það mistök. Ég ákvað því að kanna málið og gerði mér ferð á bæjarskrifstofu Garðabæjar og ræddi við þær í þjónustuverinu. Þar fékk ég þau svör að öllum íbúum sem væru með svipaða þjónustu hafi verið send innheimtuviðvörðun og í framhaldinu var óskað eftir skattframtali mínu. Ég fór því næst og nálgadist framtalið hjá skattstjóra og skilaði inn á bæjarskrifstofu Garðabæjar. Eftir þessar aðgerðir Garðabæjar hafa nú vaknað nokkrar spurningar sem ég vil gjarnan fá svör við skriflega.

1. Hver tók ákvörðun um að svipta öryrkja og eldri borgara þeirri gjaldfrjálsu þjónustu sem þeir höfðu haft? Voru það pólitískir fulltrúar eða framtakssamir embættismenn?
2. Hver ákvað að senda eldri borgurum í Garðabæ innheimtuviðvörðun fyrir þjónustu í þeim tilgangi að kalla eftir upplýsingum um tekjur þeirra?
3. Hvers vegna var ekki óskað fyrst eftir upplýsingum áður en ákveðið var að senda innheimtuviðvörðun fyrir þjónustu?
4. Finnst fulltrúum í Bæjarráði þetta eðlileg vinnubrögð þ.e.a.s að skjóta fyrst og spyrja svo?
5. Hvers vegna lendir eldri borgari líkt og ég yfir tekjumörkum núna? Hafa tekjuviðmið ekki fylgt vísitölu?
6. Hvernig var forgangsraðað í úthringingar á tímum Kórónaveirunnar? Var einhver sem tók ákvörðun um að sleppa þeim sem komnir eru yfir nírætt og búa einir í heimahúsum?

Með vinsemd og virðingu

  
Jón Fr. Sigvaldason

Faxatúni 32